

geti ákvæði nefnds kancellibrjefs ekkert gildi haft gagnvart beinum ákvæðum laga 13. 92
 jan. 1882, er undantekningarlaust ákveða hreppstjórum laun fyrir smáuppböð þau, er 30. júlí
 heimilt er að láta þá halda, en hitt sje heimildarlaust, að hreppsnefndir sjeu uppboðs-
 haldarar í nokkrum tilfellum.

Ut af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er samdóma yður
 um það, sem þjer þannig hafið tekið fram, og ber því að svara fyrirspyrjanda, að hrepp-
 stjórum beri eins laun fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga eins og önnur
 smáuppböð, er þeir halda samkvæmt 6. gr. í lögum 13. jan. 1882.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um bústað 93
 læknisins í 12. læknishjaraði. — Með brjefi dags. 8. maí þ. á., hefur sýslumaðurinn í 1. ágúst
 Þingeyjarsýslu sent mjer bænaskrá frá 35 bændum og húsráðendum í Þingeyjarsýslu
 um það, að læknissetrið í 12. læknishjaraði verði framvegis ákveðið við «Staðina» (Grenj-
 aðarstað og Múla) eða í Aðaldalnum í staðinn fyrir á Húsavík, og fylgdu beiðni þessari
 staðfestir útdrættir úr sýslufundargjörðum nefndanna í Suður- og Norðurþingeyjarsýslu,
 svo og álitsskjal hjeraðslæknisins í 12. læknishjaraði um hinn umbeðna flutning, er hann
 virðist heldur vera meðmæltur. Landlæknirinn, er kvaddur var álits síns um mál þetta,
 hefur í brjefi dags. 29. júní látið í ljósi, að eins og 12. læknishjarað nú er takmarkað, eptir að
 aukalæknir hefur verið skipaður austan jökulsár, hljóti hann að álíta hagkvæmara fyrir tals-
 verðan meiri hluta af íbúum læknisumdæmisins, að læknirinn hafi aðsetur nálægt hin-
 um svonefndu «Stöðum» heldur en á Húsavík, og með því að hann telur þann hag
 vissari og meiri heldur en það gagn, sem læknirinn, ef svo kynni undir að bera, gæti
 gjört við «karantæne» etc. á Húsavík, hefur hann mælt með því, að læknissetrið verði
 fært eins og farið er fram á í bænarskránni.

Með því að jeg er samdóma ástæðum landlæknis og bænaskráin virðist
 eiga við rök að styðjast, skal hjermeð skipað svo fyrir, að hjeraðslæknirinn í 12. lækn-
 ishjaraði frá næstkomandi fardögum að telja eða svo fljótt, sem hann getur komið því
 við fyrir þann tíma, hafi aðsetur sitt í Aðalreykjadal, svo nálægt miðbiki sveitarinnar
 sem viðunanlegt jarðnæði getur fengizt.

Reikningur

94

Nemendasjóðs Möðruvallaskóla 1890.

Tekjur:		kr. a.
Seldar bækur «Lestrarfjelags Möðruvallaskóla»		176 10
Ágóði af tombólu		174 62
Áheiti		2 00
Gjafir og tillög		152 00
Samtals:		504 72
Gjöld:		
Lagt í sparisjóð Arnarneshrepps		504 72

Möðruvöllum í Hörgárdal, 2. jan. 1891.

Jón A. Hjaltalín. Stefán Stefánsson. Halldór Briem.